

Betri rekstur

Þekktu kýrnar þínar – stjórnaðu hjörðinni – bættu mjólkurframleiðsluna

Þú skilur þörfina á stöðugum umbótum. Bætt framleiðsla og aukin arðsemi verður til vegna ákvarðana og aðgerða sem gripið er til út frá upplýsingum. Upplýsingarnar fást með greiningu og skilningi á hjörðinni. Afköst hjarðarinnar eru mótuð af hverri kú fyrir sig.

Kerfið hjálpar þér að meta hratt og nákvæmlega beiðsli, heilbrigði og næringarstjórn hjarðarinnar í gegnum T4C. Ítarlega forritið veitir tímanlegar viðbótarpplýsingar svo þú getir tekið upplýstari ákvarðanir um sæðingu, heilsufarslega meðhöndlun, fódurgjöf og venjubundinn rekstur kúabúsins

Qwes ISO ID	Qwes ISO LD	Qwes ISO LD Plus	Qwes ISO LD Smart
✓ Auðkenning (ISO)	✓ Auðkenning (ISO)	✓ Auðkenning (ISO)	✓ Auðkenning (ISO)
	✓ Beiðslisgreining	✓ Beiðslisgreining	✓ Beiðslisgreining
	✓ Heilsufarseftirlit	✓ Heilsufarseftirlit	✓ Heilsufarseftirlit
	Át	Át, jórtur, hreyfigreining	Át, jórtur, hreyfigreining
	✓ Frammistöðuvísir hjarðar	✓ Frammistöðuvísir hjarðar	✓ Frammistöðuvísir hjarðar
	Át	Át, jórtur	Át, jórtur
			✓ Staðsetning kúa

Veldu Qwes ISO nemana með eiginleikum sem passa best að þínum óskum og aðstæðum á kúabúinu. ISO ID nemarnir eru búnir óvirkri og ISO-vottaðri auðkennistækni sem notast ekki við rafhlöðu og er með ótiltekinn endingartíma. ISO LD nemarnir eru búnir viðbótareiginleika fyrir langdrægan gagnaflutning í rauntíma og 24 klukkustunda innbyggðu gagnaminni. Þeir fylgjast með hreyfingum og áti. ISO LD Plus nemar eru með viðbótareiginleika til að fylgjast með jórtri. ISO LD Smart nemarnir eru búnir viðbótareiginleikum til að staðsetja kýr. Allir Qwes ISO-nemarnir virka einnig sem auðkennismerki þegar kýrin fer inn í Lely Astronaut, Lely Cosmix eða Lely Grazeway.

Kostir Qwes ISO LD-nema:

- Upplýsingar um hjörðina þína allan sólarhringinn
- Tímanlegur aðgangur að mikilvægum upplýsingum
- Færri heilsufarsvandamál
- Ræktunarmarkmiðum náð
- Heilbrigðari kýr
- Hámarkaðu mjólkurframleiðslu á hverja kú
- Finnur kýrnar auðveldlega með ISO LD-Smart nemum

Viltu hámarka afköst kúnna þinna og hafa betri yfirsýn yfir kostnað við ræktun og heilbrigði? Hafðu samband við Lely Center-þjónustumiðstöðina þína til að fá frekari upplýsingar um kostina sem Qwes ISO LD nemarnir geta fært kúabúinu þínu.

www.lely.com



www.lely.com

Lely Qwes ISO LD-nemar



Fáðu upplýsingar um hegðun kúnna þinna



Lærðu að skilja kýrnar þínar og uppfylltu þarfir þeirra

Qwes ISO LD, LD Plus og LD Smart nemarnir safna verðmætum upplýsingum og T4C skilar þeim til þín

Qwes ISO LD, LD plus og LD-Smart nemarnir fylgjast náið með hegðun kúa til að bæta nákvæmni og skila betri upplýsingum en eftirlit manna eitt og sér getur skilað. Þegar gögnin hafa verið greind eru þau veitt í gegnum T4C-kerfið sem tryggir að hægt sé að taka tímanlegar ákvarðanir fyrir kýr sem þarfnast aðstoðar þinnar. Eftirlit með hverri kú fyrir sig gerir þér kleift að vinna á skilvirkan hátt án þess að trufla alla hjörðina.

Það hefur aldrei verið auðveldara og skilvirkara að finna kýr sem eru að beiða!

LD-Smart nemarnir veita óviðjafnanlega beiðslisgreiningu og bjóða upp á nákvæma greiningu á minnstu merkjum um beiðslu. Þegar kýr sem eru að beiða greinast eru þær skráðar á beiðslisskýrsluna í T4C. Þú færð senda sjálfvirka tilkynningu frá InHerd sem veitir þér tækifæri á að sæða kúna á hárréttu augnabliki. Þegar þú hefur virkjað sjálfvirka beiningu verður þessi kýr tilbúin fyrir þig á réttum tíma á stjórnunarsvæðinu þínu.

Heilsufarsvandamál greind fyrr svo hægt sé að grípa tímanlega inn í

Heilsufarsskýrslan veitir verðmætar upplýsingar í gegnum T4C-rekstrarkerfið og T4C InHerd. Þessi ítarlega skýrsla sýnir aðeins kýr sem þarfnast aðstoðar þinnar. Heilsufarsskýrslan sameinar gögn frá Astronaut-kerfinu og Qwes ISO LD-nemunum. Þetta gefur þér nákvæma heilbrigðiseinkunn sem byggð er á allt að 15 mismunandi færíbreytum. Með upplýsingum úr heilsufarsskýrslunni getur þú gert fyrirbyggjandi aðgerðir og haldið kúnum þínum heilbrigðum og afkastamiklum.

Upplýsingar um hjörðina þína

Fóðurskammtar í réttum hlutföllum eru mikilvægir til að afköst hjarðarinnar séu sem mest. Með eftirliti í rauntíma með breytingum á áti og jórtri getur þú bætt næringaráætlun þína og fóðurgjöf. Með eftirliti með Smart nemunum geturðu fljótt séð hvernig hjörðin þín bregst við skammtabreytingum, breytingum við fóðrun, nýjum fóðurbirgjum, eiturefnum eða vandamálum við fóðurgjöf.

Staðsettu kýrnar þínar

Hægt er að nota Qwes ISO Smart nemana með Lely Cow staðsetningarkerfinu. Með Lely Cow staðsetningarkerfinu er auðvelt og fljótlegt fyrir þig og teymið þitt að finna kýrnar. Kerfið er samþætt við InHerd og verkefni þess. Það sýnir og fylgist með rauntímastöðu einstakra eða margra kúa á fjósakortinu þínu af mikilli nákvæmni. Fyrir vikið er auðveldara og fljótlegra en nokkru sinni fyrr að bregðast við kúum sem þarf að sækja eða þarfnast aðstoðar.